

OFAN VÍ

Árshlutareikningur 30. júní 2012

OFAN VÍ
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um breytingar á hlutdeildarskírteinum	7
Yfirlit um fjárfestingar	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Árshlutareikningur sjóðsins OFAN VÍ er hluti af B-hluta árshlutareiknings Stefnis hf. sem inniheldur árshlutareikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða Stefnis hf. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og aðrir sjóðir Stefnis. Framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Enginn hagnaður varð á rekstri sjóðsins á tímabilinu samkvæmt rekstrarreikningi. Hrein eign sjóðsins í lok tímabilsins nam einni milljón króna samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. ágúst 2012.

Í stjórn félagsins:

Skemil Rudolfkelótti
Sigríður Ólafsson
Svana Bjarnkelótti
Katrín Jónsson

Framkvæmdastjóri:

Floki Handórnun

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til eigenda hlutdeildarskírteina í OFAN VÍ.

Við höfum kannað meðfylgjandi árslutareikning OFAN VÍ fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2012. Árslutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar og skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árslutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árslutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar


Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árslutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum sjóðsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árslutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2012 og breytingu á hreinni eign á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Reykjavík, 29. ágúst 2012.

Ernst & Young ehf.



Margrét Pétursdóttir
löggitur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2012

	Skýr.	01.01. -30.06. 2012	01.01. -30.06. 2011
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	3-5		
Vaxtatekjur og verðbætur		67	-
Vaxtagjöld og verðbætur		(66)	-
Hreinar fjármunatekjur		<u>1</u>	<u>-</u>
Rekstrargjöld			
Umsýsluþóknun	6	<u>1</u>	<u>-</u>
		<u>1</u>	<u>-</u>
Afkoma tímabilsins færð á hlutdeildarskírteini		<u><u>0</u></u>	<u><u>-</u></u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2012

	Skýr.	30.06. 2012	31.12. 2011
Eignir			
Verðbréf með föstum tekjum	7	1.174	1.151
Verðbréf með föstum tekjum		1.174	1.151
Handbært fé	8	1	1
Aðrar eignir samtals		1	1
Eignir samtals		1.175	1.152
Skuldir			
Hlutdeildarskírteini	10	1	1
Skuldir við rekstrar- og vörslufélag		1	0
Útgefin skuldabréf	11	1.173	1.151
Aðrar skuldir samtals		1.174	1.151
Skuldir samtals		1.175	1.152
Hlutdeildarskírteini		1	1
Fjöldi eininga (í millj.)		0,6	0,6
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabilsins	10	1,08	1,00

Yfirlit um breytingar á hlutdeildarskírteinum 1. janúar - 30. júní 2012

	Skýr.	01.01. -30.06. 2012	01.01. -30.06. 2011
Rekstrarhreyfingar:			
Afkoma tímabilsins færð á hlutdeildarskírteini		0	-
Hækkun á hlutdeildarskírteinum		0	-
Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun		1	-
Hlutdeildarskírteini í lok tímabilsins	10	<u>1</u>	<u>-</u>

Yfirlit um fjárfestingar 31. desember 2011

OFAN VÍ		Markaðs- verð	% af eign
Lánasamningur		1.174	100,0%
Heildarverðmæti fjárfestinga	13	1.174	100,0%
Útgefin skuldabréf	11	(1.173)	(99,7%)
Aðrar eignir		1	0,0%
Aðrar skuldir		(1)	(0,3%)
Hrein eign samtals		1	0,1%

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Starfsemi

Sjóðurinn OFAN VÍ var stofnaður 5. desember 2011. Markmið sjóðsins OFAN VÍ er að ávaxta þá fjármuni, sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskírteini með því að gefa út skuldabréf og aðra fjámálagerninga. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðslufæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánasamninga sem hann hefur gert.

2. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur OFAN VÍ er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Sjóðurinn er hluti af Stefni hf. sem er dótturfélag Arion banka hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Árshlutareikningurinn er ekki hluti af árshlutareikningi bankans vegna eðli starfseminnar.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareikninga þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði árshlutareikningsins sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun júlí 2012. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins.

5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

6. Umsýslupóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. umsýslupóknun, sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, endurskoðun, eftirlitskostnað FME, markaðskostnað og umsýslu. Af þeirri þóknun greiðir Stefni hf. vörslupóknun til Verdis hf. Umsýslupóknunin reiknast sem fast hlutfall 0,25% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins)

7. Verðbréf með föstum tekjum

Lánasamningur

Sjóðurinn fjárfesti í verðtryggðum lánasamningi. Í bókhaldi sjóðsins er lánasamningurinn uppreiknaður miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

Skýringar, frh.:

9. Skattamál

Sjóðurinn greiðir ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri hans skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðurinn er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

10. Hlutdeildarskírteini

a. Raunávöxtun OFAN VÍ miðað við 30.06.2012:		Ávöxtun
Síðustu 3 mánuði		1,74%
Síðustu 6 mánuði		3,81%
Síðustu 12 mánuði		-
b. Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina.	Bókfært verðmæti	Gengi
30. júní 2012	1	1,08
31. desember 2011	1	1,00

11. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn OFAN VÍ gefur m.a. út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysliverðsvisitölu að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Vaxtaberandi skuldir sjóðsins eru:

Verðtryggð lán	1.173
Afborganir af útgefnum skuldabréfum í júní 2012 greinast þannig:	
Afborganir 2012	20
Afborganir 2013	40
Afborganir 2014	40
Afborganir 2015	40
Afborganir 2016	40
Afborganir síðar	993
	<u>1.173</u>

12. Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna og fjárfestingarstefnu:

	Eign	Fjárfestingarstefna	
	30.06.2012	Lágmark	Hámark
	%	%	%
Lánasamningur	100	0	100

13. Sundurliðun fjárfestinga og hlutfallsleg skipting:

	Annað		Samtals	
	kr.	%	kr.	%
Aðrir fjármálagerningar	1.174	100	1.174	100
	<u>1.174</u>	<u>100</u>	<u>1.174</u>	<u>100</u>